



Brýnir



11 árg. 1. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð Febr. 2006

Afmælissýningin í Ráðhúsi Reykjavíkur 11-19 mars 2006.

Kæru félagar.

Í ár eru liðin 10 ár frá stofnun félagsins okkar og af því tilefni efnum við til yfirlitssýningar alls þess besta sem frá ykkur hefur komið í gegnum árin auk margra nýrra verka. Að þessu sinni verða sýndur á fjórða tuginn og margt eigulegra verka. Síðustu árin höfum við sýnt í safnaðarheimili Háteigskirkju og átt við hæstráðendur þar góða samvinnu, en að þessu sinni vildum við ná til sem flestra og stækka rýmið svo við fengum inni í Ráðhúsi Reykjavíkur 11-19. mars. Þann 11 mars kl. 13:00 mun formaðurinn okkar, Friðgeir H. Guðmundsson, setja sýninguna og þar á eftir verður verðlaunaafhending í teiknisamkeppninni og síðan verður boðið uppá söngatriði, dúettinn Kvintbræður. Ég vil óska okkur til hamingju með afmælið og hvet alla til þess að koma og skoða sýninguna og taka með sér gesti.

Fyrir hönd sýningarnefndar Bjarni Þór Kristjánsson.

Félagsgjöldin.

Með þessu fréttabréfi eru sendir út innheimtuseðlar félagsgjalda fyrir 2005-2006.

Félagsgjaldið er óbreytt frá fyrra ári kr. 1500,- Félagsmenn eru hvattir til að standa skil á félagsgjaldinu við fyrsta tækifæri.

Hitt og þetta.

Brýninu hefur borist sú ánægjulega fregn að Þjónustudeild Heimilisiðnaðarfélagsins geti útvegt hana merku bók "PLANTEORNAMENTIKKEN I ISLANDSK TRESKURD", Bindi 1 og 2, Höfundur Ellen Marie Magerøy, Útgefandi Munksgaard, 1967, **Verð 9.900- kr.** Þjónustudeildin er til húsa að Laufásvegi 2, sími: 5515500 hfi@heimilisidnadur.is

Hugur og hönd, ársrit Heimilisiðnaðarfélags Íslands er væntanlegt nú í apríl. Að vanda flytur blaðið fjölbreytt og vandað efni um handverk. M.a verður í blaðinu viðtal við Svein Ólafsson myndskera og grein um félagið okkar. Áskriftarsími blaðsins er 5515500.

Félagsmönnum er bent á að skoða www.listalind.is, sem er vefur fyrir handverksfólk.

Frá formanni:

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð var haldinn í Gaflinum í Hafnarfirði 22. nóvember sl. Það kom fram í skýrslu stjórnar að margt hefur áunnis á þeim áratug sem félagið hefur verið starfandi, þar þar hæðst árlegar sýningar sem haldanar hafa verið á hverju ári oft með afskaplega fallegum listaverkum sem borið hafa höfundum gott vitni um góða þekkingu á trélistinni. Gestasýnendur hafa verið á öllum þessum sýningum. Stjórnarkjör fór fram skv. lögum félagsins, stjórnin er óbreytt að öðru leiti en því að Sigurjón Gunnarsson tekur að sér sæti varaformanns, en Bjarni Þór verður meðstjórnandi. Afkoma félagsins var góð á árinu: Tekjur voru kr. 149.974 – á móti koma gjöld að upphæð kr. 137.925 – þar ber hæðst kostnaður við Fréttablað okkar kr. 73.170- innheimtukostnaður er kr. 38.986-. Tekjuafgangur var kr. 12.049- inneign á bankareikningi er kr. 487.527-. Fréttablaðið Brýnið var gefið út í þrem tölublöðum á starfsárinu og er gagnlegur miðill fyrir okkur tréskurðarfólk, til að miðla fréttum okkar á milli.

Á árinu fórum við stórskemmtilega ferð í Þjóðminjasafnið, hlíddum þar á fyrirlestur og fengum fræðslu um tréskurðarmuni sem þar eru til sýnis. Þá tókst vel til með fyrirlestur Þórs Magnússonar fyrrum þjóðminjavarðar um Höfðaletur. Þennan fund héldum við í húsnæði Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Það má segja að með þessum fyrsta sameiginlega fundi Heimilisiðnaðarfélagsins og Tréskurðarfélagsins gæti skapast áframhaldandi grunnur að nánara samstarfi, þar sem bæði félögin vinna að svipuðum hugarefnum. Ég hef áhuga á að ræða við þær konur nánar í vetur með samstarf í huga, og eins við þá í Rennismíðafélaginu.

Í desember var haldinn jólafundur, með fyrnefndum konum þar sem Bjarni Þór og Sigurjón Gunnarsson kenndu að tálga ma. jólasveina og fl.hluti við góðan orðstír liðlega 40. þáttakenda.

Framundan er 10. ára afmælissýning félagsins í mars, sem vandað verður vel til, liðlega áttatíu verk verða þar til sýnis. Í tengslum við sýningu okkar hefur

Skáksamband Íslands

fengið hjá okkur aðstöðu til að vera með hraðskákmót á miðvikudag og fimmtudag seinniparts dags. Þáttakendur verða um 100. fyrri daginn en nokkru færri seinni daginn. Við endum svo vetrarstarfið á ferð austurfyrir “Fjall” í apríl.

Efnt var til teiknisamkeppni meðal félagsmanna. Sjö teikningar bárust og hafa verið valdar úr þeim þrjár teikningar. Þrír menn voru fengnir í dómarasætið, þeir Egill Sveinsson og Sveinn Ólafsson myndskerar ásamt Guðmundi Oddi frá Listaháskóla



Íslands. Verðlaunahafar verða kynntir og myndir sýndar þegar afmælissýningin verður opnuð 11. mars kl. 13:00.

Formaður sótti fund í Heimilisiðnaðarfélaginu vegna undirbúnings Norræns heimilisiðnaðarþings sem halda á haustið 2007. Á fundinum var rætt vítt og breytt um mögulega fleti á samstarfi vegna ráðstenuunar. Vinnuþema hennar verður *Handverkshefðin sem innblástur að hönnun framtíðar*. Nánar verður sagt frá undirbúningi í haustblaðinu.

Ég vil að lokum þakka þeim stjórnarliðum, sýninganefnd og rirstjórn fyrir gott og skemmtilegt samstarf. Ég hef haft gaman af, að vinna með þessu fólki, þess vegna hef ég ákveðið fyrir þeirra oð að sitja eitt ár til viðbótar sem formaður. Nefndarstörf eru sjálfbodaðastörf sem unnið eru af fórnfisi og dugnaði.

Það er von formanns að komandi ár verði okkur ánægjulegt og að við sameinumst um að gera afmælisárið sem skemmtilegast.

Formannskveðjur,

Friðgeir H. Guðmundsson

Námskeið:

Hnífar-skepti og slíður. Frá Heimilisiðnaðarskólanum berast þær fregnir að von sé á danska kennaranum Jörgen Hanghöi. Jörgen mun kenna á handverkshátíðinni á Hrafnagili í ágúst og í Heimilisiðnaðarskólanum í framhaldi af því. Jörgen er handverksmaður sem hefur smíðað og kennt hnífagerð í Danmörku til margra ára. Á námskeiðinu munu nemendur læra að smíða skepti og búa til slíður á tilbúin hnífsblöð. Áætlað verð kr. 24000 án efnis. Heimilisiðnaðarskólinn er til húsa að Laufásvegi 2, sími: 5517800 og 8950780 hfi@heimilisiðnadur.is, www.heimilisiðnadur.is Heimilisiðnaðarskólinn býður einnig upp á námskeið í tálgun og útskurði.



Útskurður. Iðnskólinn í Reykjavík hyggst taka upp þráðinn að nýju og bjóða upp á námskeið í útskuði. Fyrirhugað er 20 kest námskeið á fimmtudagskvöldum í mars. Kennari Anna Lilja Jónsdóttir myndskeri. Sími Iðnskólans er 5226500.

Vísnahornið:

Ríkarður Jónsson myndskeri kvað.

Ef ég hefði aðeins nægar krónur:
Skyldi ét höggva helg og merk
Hundrað – þúsund listavek.

Vísa eftir Hannes Flosason myndskera.

Iðjusamur iðjumaður
alltaf hress og oftast glaður
brúkar hvorki bull né þvaður
bísna mikið sker hann.
Einstaklegur afbragðsmaður er hann.

Dagskrá vormisseris:

Mars: Afmælissýning félagsins 11-19 mars í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Apríl/maí: Ferð austur fyrir "Fjall". Nánar í vorblaðinu.

Fyrirhugað teikninámskeið frestast til haustsins.

Félagsmenn athugið:

Bækur, myndbönd og teikningar félagsins eru til útleigu hjá Friðgeiri Guðmundssyni að Melalind 12 Kópavogi. Einnig á félagagið myndir sem félagsmenn geta fengið að skoða. Síminn er 5546775 og 8616775, tölvupóstfang frg@isl.is.

Stjórn félagsins:

Friðgeir Guðmundsson, formaður, sími: 5546775 – 8616775

Sigurjón Gunnarsson, varaformaður, sími: 5578212 – 8995716

Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri, sími: 5656122 – 8989619

Guðmundur K. Guðfinnsson, ritari, sími: 5668157 – 8541257

Bjarni Þór Kristjánsson, meðstjórnandi, sími: 5684654 – 6976294

Örn Sigurðsson, meðstjórnandi, sími: 8488659

Ritnefnd Brýnisins:

Anna Lilja Jónsdóttir, formaður, sími: 5538253 – 8648253

Ingólfur Sigurjónsson, sími: 6602543

Sigurjón Gunnarsson, sími: 5578212 – 8995716

Sýninganefnd:

Bjarni Þór Kristjánsson, formaður, sími: 5684654 – 6976294

Halldór Vilhelmsson, sími: 5656122 – 8989619

Jón Adólf Steinólfsson, sími: 8966234

Jón Vilhelmsson, sími: 5657962

Stefán Erlingsson, sími: 5666099 - 8646099

Örn Sigurðsson, sími: 8488659

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Melalind 12,

201 Kópavogur

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð

<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

